

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2019
UST201905-266/B.S.
10.05.08


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Fyrirspurn um matsskyldu – Elliðaárstöð.
Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Rðagert er að endurnýja núverandi aðrennslispípu Elliðaárstöðvar. Byggt verður hús fyrir nýja túrbínu sunnan við stöðvarhúsi. Framleiðslugeta virkjunarinnar verður um 2 MW. Ráðgert er að reka stöðina til upplýsinga og fræðslu um raforkuframleiðslu með vistvænum hætti. Framkvæmdin er öll á svæði sem þegar hefur verið raskað og hefur gras verið ræktað á röskuðum svæðum næst stöðinni, en þann gróður er auðvelt að endurheimta. Sjónræn áhrif verða hverfandi því ráðgert er að nýtt stöðvarhús verði neðanjarðar og endunýjun og viðhald annarra mannvirkja mun ekki fela í sér breytta ásýnd þeirra. Framkvæmdin mun ekki hafa önnur áhrif á lífríki og laxfiska en þegar er orðið.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur að með rekstri fræðslumiðstöðvar í Elliðaárstöðinni mætti enn auka fjölbreytni Elliðaárdals sem útvistarsvæðis.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur